

Aðalfundur 2026

Miðvikudaginn 18. mars 2026 kl. 19:00

Haldinn á Satt Restaurant, Nauthólsvegi 52,Rvk.



1. Fundarsetning

Fundur er settur kl. 19:10

Mætt eru: Árni Pálsson, Birna Björnsdóttir, Erna Héðinsdóttir, Herdís Anna Þorvaldsdóttir, Ingibjörg Ingvadóttir, Magnea Hilmarsdóttir og Sigurður Snorri Kristjánsson.

2. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Árni var kjörinn fundarstjóri og Ingibjörg var kjörin fundarritari.

3. Skýrsla stjórnar

Herdís kynnir skýrslu stjórnar. Skýrsla stjórnar samþykkt.

4. Stjórn leggur fram skoðaða reikninga félagsins til afgreiðslu

Lagður var fram skoðaður ársreikningur 2025 og farið yfir niðurstöður hans. Niðurstaða rekstrar ársins var neikvæð sem nemur kr. 92.583 og eigið fé í árslok var kr. 1.917.762. Ársreikningur samþykktur.

5. Umræður um skýrslu og reikninga

Auglýsa betur, félagið og sundin.

Fá eitthvað frá SSÍ fyrir meðlimagjöldin kr. 1000 á hvern meðlim sem SJÓR greiðir til SSÍ.

Bæta meðlimagjaldi SSÍ kr. 1.000 við árgjald SJÓR. Nú mun árgjald SJÓR verða tvískipt, félagsgjald SJÓR + meðlimagjald til SSÍ.

6. Kosning stjórnar og varastjórnar – 4 í stjórn og 2 í varastjórn

Stjórnarmenn eru kosnir til tveggja ára í senn.

Árni Pálsson og Kristinn Magnússon voru kosnir til 2ja ára í fyrra. Erna Héðinsdóttir og Valdimar Páll Halldórsson buðu sig fram aftur og voru endurkjörin.

7. Kosning félagslegra skoðunarmanna – 2 skoðunarmenn

Heiðurún Hauksdóttir og María Bára Jónatansdóttir voru endurkjörnar.

8. Önnur mál

Er hægt að fá styrki fyrir SJÓR af því við erum komin í ÍBR?

Senda á stjórnámálamenn athugasemdir vegna stólpa á brúnni yfir Fossvoginn, þar sem það getur myndast hættulegt niðursog við þá sem getur sogað sundmenn niður.

Kosning í sjóviðburðarnefnd - sér um að skipuleggja hefðbundin sund:

Valdimar var kosinn formaður sjóviðburðarnefndar. Aðrir eru Arnar Þorsteinsson., Birna Björnsdóttir, Heiða Mjöll Stefánsdóttir, Hinrik Ólafsson, Magnea Hilmarsdóttir og Sigurður Snorri Kristjánsson.

Kosning í skemmtilegu nefndina - sér um ýmsa aðra skemmtilega viðburði:

Í skemmtilegu nefndina voru Aðalbjörg Sif Kristinsdóttir, Birna Björnsdóttir og Ingibjörg Ingvadóttir.

Kosning gjaldkera:

Erna Héðinsdóttir býður sig fram til gjaldkera og er kosin.

Ákvörðun félagsgjalda:

Yfirlýsing: Við erum ekki að hækka félagsgjöld.

Á aðalfundi SJÓR var ákveðið að stuðla ekki að verðbólgu því munu gjöld í sundin vera þau sömu og í fyrra.

Félagsgjöld munu ekki hækka en meðlimagjald til SSÍ verður bætt við árgjaldið.

Árgjaldið verður því félagsgjald kr. 6.900 + meðlimagjald til SSÍ kr. 1.000. Samtals kr. 7.900. á hvern félagsmann árið 2026.

Fossvogssund er frítt fyrir félagsmenn en kr. 7000 fyrir aðra.

Synt til Viðeyjar kr. 2500 fyrir félagsmenn en kr. 10.000 fyrir aðra.

Gjöld fyrir Viðavatnssund og aðra viðburði verður tekið fyrir á sér fundi.

Fundi slitið kl. 20:10

Fyrir hönd stjórnar SJÓR Sund- og sjóbaðsfélags Reykjavíkur
Reykjavík 18.03.2026